



GRINDAVÍKURBÆR

Grindavík - góður bær

Skipulagsstefna fyrir miðkjarna Grindavíkur

Tillaga 3.5, 2011



ATA



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1 Aðragandi og tilgangur skipulagsstefnunnar	4
1.2 Uppbygging og framsetning	4
1.3 Skipulagssvæðið	4
2. Samhengi.....	6
2.1 Sögulegt samhengi	6
2.2 Samhengi við landslag og ásjýnd byggðar	6
2.3 Samhengi við aðra bæjarhluta	6
2.4 Samhengi við aðalskipulag	7
3. Starfsemi.....	8
3.1 Samþjöppun þjónustu	8
3.2 Opnar framhliðar	9
4. Tengingar.....	10
4.1 Skýrt hlutverk gatna	10
4.2 Góðar göngu- og hjólatengingar	11
5. Sérkenni.....	12
5.1 Skerpa á sérkennum hverfishluta	12
5.2 Náttúruefni við umhverfismótun og hönnun bygginga	13
6. Almenningsrými.....	14
6.1 Fjölbreyttir samverustaðir	14
6.2 Aðlaðandi og öruggar götur	15
6.3 Víkurbraut efri	16
6.4 Víkurbraut neðri	18
6.5 Ránargata	20

6.6	Hafnargata	22
6.7	Nýtt torg	24
7.	Heildarmynd	26
7.1	Falleg bæjarmynd	26
7.2	Góðar tengingar	26
8.	Deiliskipulagsáfangar	26
8.1	Miðbær	27
8.2	Hafnargata og nánasta umhverfi	27
	Heimildaskrá	28

1 Inngangur

1.1 Aðdragandi og tilgangur skipulagsstefnunnar

Miðbær Grindavíkur, afmökun hans, umgjörð og uppbygging hefur verið til umræðu hjá bæjaryfirvöldum og íbúum um nokkurt skeið. Mikilvægt er talið að móta framtíðarstefnu um miðkjarna bæjarins þannig að uppbygging og mótun geti orðið farsæl og styrkt bæjarmyndina og samfélagið. Sem fyrsta skref á þeirri leið ákvað bæjarstjórn Grindavíkur að leita í smíðu íbúa eftir hugmyndum og áherslum og fór hugmyndasmiðja fram í Hópsskóla þann 30. október 2010. Tæplega 60 manns tóku þátt í umræðum um spurninguna „Hvar er hjarta Grindavíkur og hvernig miðbæ viljum við?“

Skilaboð og hugmyndir sem komu fram á fundinum voru birtar í samantekt ráðgjafarfyrirtækisins Alta sem stjórnaði fundinum. Í fréttabréfi bæjarins, Járngerði, 4. tbl. 2010, var gerð ítarleg grein fyrir fundinum í máli og myndum. Í kjölfarið samþykkti bæjarstjórn Grindavíkur að ráða Alta til að gera tillögu að stefnu um framtíðarþróun og einkenni miðbæjar undir stjórn skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkurbæjar. Stefnan skyldi m.a. byggð á meginskilaboðum hugmyndasmiðjunnar og greiningu Alta á einkennum miðkjarna Grindavíkur. Leitast skyldi við að draga fram áherslur sem miða að bættri tengingu verslunar- og þjónustukjarnans við Víkurbraut og hafnar svæðis, vel afmörkuðum miðbæ og aðlaðandi og öruggu umhverfi.

Stefnuna verður unnt að festa í aðalskipulagi en tilgangur hennar er að skapa heildstæðan ramma fyrir miðbæinn sem verður leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsgerð einstakra reita.

1.2 Uppbygging og framsetning

Skipulagsstefna fyrir miðbæ Grindavíkur er sett fram í þessari greinargerð með markmiðum, áherslum og skýringarmyndum. Ljósmyndir sýna núverandi ástand og möguleg fordæmi fyrir framtíðar viðhald, mótun og uppbyggingu.

Greinargerðinni er skipt í kafla eftir þeim viðfangsefnum sem huga þarf að við skipulag miðbæjarins en þau eru: samhengi, starfsemi, tengingar, almenningsrými og sérkenni. Heildarmyndin er að lokum dregin saman.

1.3 Skipulagssvæðið

Við mótun stefnunnar var horft til þess svæðis sem sýnt er á mynd 1.1. Mörk svæðisins eru þó ekki mörk miðbæjar Grindavíkur, heldur er litíð svo á að innan þessa kjarna séu nokkur lykिल svæði sem tengja þurfi saman. Þar er að finna helstu samfélagsstofnanir bæjarins og megin verslunar- og þjónustustarfsemi auk miðju hafnar svæðisins.

Í hugmyndasmiðju með íbúum í október 2010 kom fram að í þeirra huga samanstandur miðbær Grindavíkur af tveimur hólfum sem saman mynda eitt hjarta. Annars vegar er það höfnin, lífæð bæjarins og þar sem gestir koma til að upplifa Grindavík. Hins vegar er það þjónustukjarninn milli Festis og stjórnsluhúss ásamt íþróttasvæðinu en þar hittast Grindvíkingar í sínum daglega amstri og sækja sér andlega og líkamlega næringu.



Mynd 1.1 Hugmyndasmiðja íbúa 30.10.2010



Mynd 1.2 Kjarni Grindavíkur



Mynd 1.3 Eitt hjarta - tvö höf

2 Samhengi

2.1 Sögulegt samhengi

Markmið:

- » Að saga bæjarins endurspeglar í umhverfismótun og hönnun bygginga.

Rætur Grindavíkur liggja í sjósókn og búskap en útvegsbændur stunduðu gjarnan búfjárhald samhliða úrgerð. Verslunarsagan er einnig samofin sögu fiskveiða en upphaf kaupstaðarinnar má rekja til stofnunar verslunar í Járngerðarstaðarhverfi árið 1897. Til Grindavíkur hafa skáld og listamenn búið í lengri eða skemmri tíma og sótt innblástur. Þá hafa íbróttir lengi verið stundaðar af kappi.

Viðeigandi að leita í þessar rætur þegar umhverfi er mótað og starfsemi þróuð. Það er mikilvægt bæði til að styrkja ferðajónustu en einnig til að styðja við skýra sjálfsmynd samfélagsins. Nú þegar hefur verið unnið nokkuð með sögu og sérkenni Grindavíkur, s.s. með Saltfisksetri Íslands í Kvíkunni, viðhaldi og endurgerð gamla húsa, listaverkum, minnisvörðum, gönguleiðum, menningarhátíð og öðrum viðburðum. Við skipulag og umhverfismótun kjarna Grindavíkur er hægt að sækja í söguna ennfrekar t.d. við val á efnum til notkunar við umhverfisfrágang og við hönnun húsa. Þá skiptir máli að varðveita hús og minjar sem bera vitni um fyrri tíma.

Aherslur:

- » Minjar verði verndaðar og gerðar sýnilegar þar sem unnt er.
- » Hús sem eru mikilvæg fyrir sögu bæjarins verði varðveitt eftir því sem kostur er. Verndargildi húsa verði metið við gerð deiliskipulags.
- » Efniviður tengdur atvinnu- og menningarsögu bæjarins verði nýttur við umhverfismótun.

2.2 Samhengi við landslag og ásjýnd byggðar

Markmið:

- » Að skipulag, umhverfismótun og hönnun bygginga taki mið af landslagseinkennum bæjarins og miði að því að styrkja tengsl við sjóinn.

Þéttbýlið í Grindavík er umvafið mosavöxnum hraunbreiðum en upp úr standa fell sem ramma bæinn að nokkru leyti inn að norðanverðu. Sjóvarnargarðar marka línu að sunnanverðu og vegna þeirra er víðast ekki hægt sjá beint út á sjó frá miðkjarnanum. Hraunbollar leynast víða og grjót og hraun hefur verið nýtt í vegg og hleðslur.

Byggðin í Grindavík er flöt, þ.e. lágreist hús og víða stór opin svæði. Hún spilar því ágætlega saman við flatt landslagið.

Aherslur:

- » Skýrar göngutengingar verði frá miðkjarna að völdum stöðum við sjó.
- » Hraunbollar verði nýttir sem áningarstaðir.
- » Byggðin verði áfram lágreist. Kennileiti verði sköpuð með fallegri hönnun frekar en hæð bygginga.

2.3 Samhengi við aðra bæjarhluta

Markmið:

- » Að góðar tengingar fyrir akandi, gangandi og hjólandi verði milli miðkjarnans og annarra hverfa bæjarins.

Til að stuðla að lifandi miðbæ er mikilvægt að beina leiðum sem flestra í gegnum hann. Vanda þarf til stiga og gangstétta svo aðgengileiki verði sem bestur.



Mynd 2.1 Sjósókn og íbróttalíf er stór hluti af samfélaginu í Grindavík

Áherslur:

- » Lykilleiðir frá hverfum og í gegnum miðkjarnan verði gerðar skýrar og aðlaðandi.

2.4 Samhengi við aðalskipulag

Markmið:

- » Að skipulag, umhverfismótun og hönnun bygginga í miðkjarnanum stuðli að því að ná markmiðum aðalskipulags um fjölskylduvænan bæ þar sem umhverfisgæði eru nýtt til aukinnar tómstunda- og íþróttaiðkunar, minjum er sómi sýndur, samgöngukerfi er skilvirkt og öruggt og stuðlar að vistvænum ferðamáta, sagan er nýtt til eflingar ferðapjónustu og kjarni bæjarins er styrktur.

Í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 kemur fram að æskilegt sé að byggð verði að einhverju leyti blönduð og þéttust næst miðbæ, án þess þó að stinga í stúf við núverandi byggð. Vel skipulagt nokkuð þétt miðbæjar-svæði stuðli t.d. að myndarlegum bæjarbrag og aukinni verslun innan bæjar og aukinni sjálfbærni.

Áherslur:

- » Svæðið á milli Víkurbraut og Staphólsvegar, frá Heilsugæslustöð suður fyrir hús Fiskvinnsluskólans, ásamt kirkjulóðinni og lóð bensinstöðvar á horni Víkurbrautar og Heiðarhrauns, verði deiliskipulagt sem ein heild og myndi kjarna miðbæjar.



Mynd 2.2 Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030

3 Starfsemi

3.1 Samþjöppun þjónustu

Markmið:

- » Að verslun og þjónustustarfsemi þjappist saman við Víkurbraut og Hafnargötu.

Öll megin verslunar- og þjónustustarfsemi í Grindavík er innan þess kjarna sem hér er til umfjöllunar. Umhverfis hann liggja íbúðarverfin. Innan kjarnans er starfsemi þó fremur dreifð og þörf er á að þetta starfsemi á einstökum reitum og bæta tengingar á milli þeirra.

Áherslur:

- » Skapaður verði miðbær umhverfis nýtt torg framan við Festi og kirkju, á mótum Víkurbrautar, Ránargötu og Austurvegar.
- » Hafnargata verði fegrud og þétt sem þjónustugata.
- » Víkurbraut neðri verði áfram ein af aðalgötum bæjarins. Þar getur til langrar framtíðar litið þróast meiri verslunar- og þjónustustarfsemi sem tengir á milli miðbæjar og Hafnargötu.

Starfsemi!



Mynd 3.1 Verslanir og þjónusta við Víkurbraut



Mynd 3.2 Starfsemi í miðkjarna Grindavíkur

3.2 Opnar framhliðar

Markmið:

- » Að hönnun bygginga stuðli að því að gera verslunar- og þjónustugötur lifandi og áhugaverðar.

Aherslur:

- » Framhliðar bygginga snúi að götu og hafa dyr og glugga þannig að hægt sé að sjá fólk á ferli og starfsemi í gangi.



Mynd 3.3 Lokaðar og opnar framhliðar þjónustuhúsnæðis



Mynd 3.4 Þjónustusvæði (blá) og möguleg svæði fyrir nýja starfsemi (græn)

4 Tengingar

4.1 Skýrt hlutverk gatna

Markmið:

- » Að götur hafi skýrt hlutverk og útfærsla þeirra sé í samræmi við það.

Áherslur:

- » Víkurbraut og Ránargata verði áfram megingtengingar á innan miðkjarna og á milli miðkjarna og hafnar. Þar verði umferð þó hæg til að stuðla að umferðaröryggi allra fararmáta.
- » Hafnargata verði þjónustu-/veitingagata með rólegri umferð.
- » Víkurbraut neðan Ránargötu verði áfram aðalgata þó umferðafæði verði beint niður Ránargötu. Gatan gegnir mikilvægu hlutverki sem tenging niður í gamla bæinn og hýsir mikilvæga starfsemi sem dregur til sín fjölda fólks. Dregið verði úr umferðarhraða á götunni.
- » Sjá nánar útfærslur einstakra gatna í 6. kafla.

Tengingar



Mynd 4.1 Ránargata



Mynd 4.2 Gatnakerfi miðkjarnans


4.2 Góðar göngu- og hjólatengingar

Markmið:

- » Að góðar tengingar séu fyrir gangandi og hjólandi innan miðkjarnans og milli hans og íbúðarhverfa.

Áherslur:

- » Vel útfærðir og öruggir stígar liggja frá íbúðarhverfum í gegnum miðkjarnann og að skólasvæði og frá miðbæ að höfn. Einnig eftir hafnar svæðinu endilöngu út frá Kvikunni til austurs í Þórkötlustaðarnes og til vesturs í átt til litlu Bótar.
- » Ránargata verði gerð gönguvænni og gróðursælli með lágum gróðri (sjá nánar um útfærslu gatna í 6. kafla). Hún myndi einskonar gangráð á milli hjartahólfanna; miðbæjar og hafnar.
- » Sérstakar hjólaíreinar verðir gerðar meðfram aðal umferðaræðinni, Ránargötu og Víkurbraut.



Mynd 4.3 Flokkun gatna eftir meginhlutverki og áherslum í útfærslu og aðalstígar innan miðkjarna

5 Sérkenni

5.1 Skerpa á sérkennum hverfishluta

Markmið:

- » Að sérkenni hverrar einingar innan miðkjarnans verði dregin fram og skerpt.

Áherslur

- » Miðbæjarkjarninn verði þéttur
- » Aðkomuhlið verði gerð skýr með umhverfisfrágangi og/eda nýjum byggingum sem geta þjónað sem kennileiti.
- » Núverandi kennileitum verði viðhaldið.



Mynd 5.1 Kennileiti, megináðkomur og hlutar miðkjarnann sem hafa sameiginleg einkenni


5.2 Náttúruefni við umhverfismótun og hönnun bygginga

Markmið:

- » Að miðkjarninn beri landslagi og náttúru Grindavíkur vitni.

Áherslur:

- » Nota efni úr grindvískri náttúru við umhverfisfrágang og byggingar, eða efni em vísa til hennar, s.s. fjörungjót og hraun. Slíkt efni er umhverfisvænt og viðhaldslítið.
- » Nota jurtir úr grindvískri náttúru eða íslenskar plöntur sem falla vel að henni; t.d. lággróður eins og lyng, lyng, fjalldrapi, gulvíðir, loðvíði og mosa.



Mynd 5.2 Náttúruleg efni nýtt sem yfirborðsefni og við umhverfismótun



Mynd 5.3 Núverandi kennileiti og möguleg ný. Núverandi hlöð og möguleg ný. Svæði þar sem má leitast við að styrkja sameiginleg sérkenni og um leið aðgreina þau hvert frá öðru.

6 Almenningsrými

6.1 Fjölbreyttir samverustaðir

Markmið:

- » Að innan miðkjarnans séu fjölbreytt opin svæði sem bjóða upp á samveru og útivist.

Áherslur:

- » Nýtt torg sem myndar samfellt svæði frá Festi að kirkju, verði hannað og byggt upp. Þar verði m.a. hægt að vera með viðburði og markaði. Sjá nánar um torg í kafla 6.7.
- » Skrúðgarður verði áfram byggður upp í miðju kjarnans.
- » Leiksvæði með sleðabrekku verði áfram sunnan Mánagötu, stuðlað verði að aukinni snjósöfnun t.d. með gróðurnotkun.
- » Minni áningarstaðir þar sem hægt er að setjast og hvílast verði á völdum stöðum. T.d. með bekkjum, bollum, lautum eða veggjum.



Mynd 6.1 Skrúðgarður í miðkjarna Grindavíkur



Mynd 6.2 Eftirsóknarvert er að skapa torg þar sem hægt er að vera með ýmsar uppákomur. Forðemi frá Akureyri.



Mynd 6.3 Gótur og opin svæði utan lóða eru almenningsrými

6.2 Aðlaðandi og öruggar götur

Markmið:

- » Að helstu götur innan meginkjarnans verði aðlaðandi og öruggar.

Áherslur:

- » Götur verði hannaðar og útfærðar til samræmis við hlutverk sitt. Sjá nánar um útfærslu einstakra gatna í köflum 6.3–6.6.



Mynd 6.4 Vandæður frágangur almenningssýma. Fordæmi frá Lyngby, Danmörku.



Mynd 6.5 Mismunandi hlutverk almenningssýma

6.3. Víkurbraut efri


Núverandi einkenni:

- » Mjög breitt göturými.
- » Breiðar akreinar og hröð umferð.
- » Miðeyja með trjám en lítil gróður að öðru leyti.
- » Gangstéttar sitt hvoru megin.
- » Engin bílastæði í götu.



Mynd 6.5 Efri hluti Víkurbrautar

Almelningsrými!




Mynd 6.6 Þversnið efri hluta Víkurbrautar

Aherslur fyrir Víkurbraut efri:

- » Gróður verði notaður til fegrunar og skjólmyndunar sitt hvoru megin við gangstétt að vestanverðu. Hærrí gróður næst akbraut skýlir fyrir umferð og austlægum áttum.
- » Bekkjum verði fjölgað. Þeir geta verið hefðbundnir eða gerðir úr rekaviði, grjóti eða hleðslum.
- » Miðeyja verði áfram með trjám. Hana væri hægt að breikka.
- » Sérstök hjólarein verði útfærð í götu eða sem hluti af gagnstétt



Mynd 6.7 Aðalumferðaræð með miðjuakrein, götutrjám og breiðri gangstétt með gróðri sitt hvoru megin. Fordæmi frá Complete Streets, www.flickr.com.



Mynd 6.8 Mögulegt nýtt þversnið Víkurbrautar efri sem miðar að því að fegra götuna og gera hana gönguvænni

Almenningssrymi!


6.4 Víkurbraut neðri

Núverandi einkenni:

- » Stórir forgarðar með fjölbreyttum girðingum sem gefa götunni ákveðin sérkenni.
- » Gróður víða meðfram girðingum.
- » Breitt göturými.
- » Gangstéttar sitthvoru megin.
- » Bílastæði í götu.



Mynd 6.9 Neðri hluti Víkurbrautar




Mynd 6.10 Þversnið neðri hluta Víkurbrautar

Aherslur fyrir Víkurbraut neðri:

- » Þrengja akreinar og bílastæði í götu og nýta rýmið sem með því fæst fyrir gróður og annan umhverfis-frágang, meðfram gangstétt, gangstétt að vestanverðu.
- » Bekkjum verði fjölgað. Þeir geta verið hefðbundnir eða gerðir úr rekaviði, grjóti eða hleðslum.
- » Bílastæði áfram í götu.



Mynd 6.11 Aðalgata með forgjörðum öðru megin, breiðri gangstétt, götutrjám, bílastæðum í götum og þrengdum akreinum sem hægir á umferð. Fordæmi frá Complete Streets, www.flickr.com



Mynd 6.12 Mögulegt nýtt þversnið Víkurbrautar neðri sem miðar að því að fegra og þrengja götuna í þeim tilgangi að hægja á umferðarhæða og gera götuna gönguvænni.

6.5 Ránargata


Núverandi einkenni:

- » Efri hlutinn er afmarkaður með íbúðarhúsum en neðri hlutinn mjög opinn.
- » Mjög breytt göturými; 3 akreinar og bílastæði.
- » Þörf á skjólmyndun og fegrin og að styrkja götuna sem gönguleið milli miðbæjar og hafnar.



Mynd 6.13 Ránargata



Almenningssrými!



Mynd 6.14 Þversnið Ránargötu

Aherslur fyrir Ránargötu:

- » Lögð verði natni í hönnun og útfærslu götunnar þannig að hún verði frábrugðin öðrum götum í Grindavík, m.a. með íslenskum lággróðri, vandaðri hellulögn og efnivið tengdum menningar- og atvinnusögu bæjarins og jarðsögu og lífríki svæðisins.
- » Gatan verði nokkurs konar „gangráður“ á milli miðbæjar og hafnar. Gangstétt verði breið og hlykkjótt eða með lífrænu formi.
- » Hægt verði að setjast niður t.d. á bekkjum, grjóti eða hlöðnum veggjum.
- » Sérstök hjólarein verði útfærð í götu eða sem hluti af gangstétt.



Mynd 6.16 Lággróður við breiða gönguleið. Fordæmi frá The High Line, New York.

Mynd 6.17 Gróðureyjar meðfram breiðri gangstétt. Fordæmi frá Bandaríkjunum.



Mynd 6.18 Mögulegt nýtt þversnið Ránargötu sem miðar að því að fegra og þrængja götuna í þeim tilgangi að hægja á umferðarhvaða, bæta við gróðri og gera götuna gönguvænni.


6.6 Hafnargata

Núverandi einkenni:

- » Breitt göturými sem nýtt er til mannsafnaðar á tillidögum.
- » Litill sem enginn gróður
- » Bílastæði í götu og framan við hús.



Mynd 6.19 Þversnið Hafnargötu



Mynd 6.20 Þversnið Hafnargötu

Aherslur fyrir Hafnargötu:

- » Afmarka betur göturýmið með breytingu á yfirborðsefni og/eða gróðri eða öðrum umhverfisfrágangi. Tryggja þarf að gatan geti áfram verið nýtt til mannsafnaðar á tillidögum.
- » Mögulegt er að þrengja akreinar og bílastæði á hluta götunnar og nýta rýmið sem með því fæst fyrir gróður og annan umhverfisfrágang, meðfram gangstétt að norðanverðu. Lóðarmörk verði endurskoðuð m.t.t. þessa eða unnið verði með lóðarhöfum að endurbótum í göturýminu.
- » Hanna formfastari götu en gert er ráð fyrir að Ránargatan verði.
- » Gera litla áningarstaði með bekkjum eða hlöðnum veggjum sem hægt er að setjast á.
- » Gera skýra göngutengingu upp í skruðgarð.
- » Bílastæði áfram í götu og upp við hús.



Mynd 6.21 Formföst gata með gróðureyju milli götu og gangstéttar. Forðemi frá Portland, Oregon, <http://christianbarnardblog.blogspot.com>



Mynd 6.22 Mögulegt nýtt þversnið Hafnargötu em miðar að því að fegra og þrengja götuna í þeim tilgangi að hægja á umferðarhraða og gera götuna gönguvænni.

6.7 Nýtt torg

Núverandi einkenni:


- » Gatnamót þriggja lykila: Víkurbrautar, Ránargötu og Austurvegar.
- » Mjög stórt rými.
- » Lykilbyggingar: Félagsheimilið Festi og Grindavíkurkirkja.

Áherslur:

- » Nýjar byggingar afmarki gatnamótin betur og myndi um leið nýtt torg sem verði sunnan við Festi og áfram yfir að kirkju.
- » Við Festi verði myndað skjólgott rými sem snýr vel við sóli.
- » Austurvegur liggir yfir hluta torgsins en honum sé hægt að loka við valin tækifæri, t.d. þegar uppákomur eru á torginu.
- » Ránargata liggir sunnan við torgið og verði útfærð þannig að umferð um hana verði hæg en greið.
- » „Gangráðurinn“ frá Ránargötu liggir eftir torginu að Víkurbraut.



Mynd 6.23 Gatnamót Víkurbrautar, Austurvegar og Ránargötu



Mynd 6.24 Dæmi um mögulega útfærslu á nýju torgi við Festi og kirkju



Mynd 6.25 Fordæmi frá Barnoldswick, Yorkshire. Heimild: <http://www.geograph.org.uk/photo/40800>



Mynd 6.26 Fordæmi frá Isafirði. Ljósmyndari: Ágúst Atlason, flickr.com

7 Heildarmynd

7.1 Falleg bæjarmynd

Vel afmarkaður miðbær skapaður í kringum torg sem setur nýjan svip á bæinn. Þetta nýja svæði styrkir núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi við efri hluta Víkurbrautar og myndar heild með henni, sbr. kalfa 6.7.

7.2 Góðar tengingar

Skýrar og aðlaðandi tengingar á milli miðbæjar og Hafnargötu um Ránargötu annarsvegar og Víkurbraut neðri hinsvegar. Tengingarnar verða bættar með breyttri útfærslu Ránargötu. Hafnargötu og neðri hluta Víkurbrautar og nýjum byggingum vestan við Ránargötu, sbr. kalfa 6.3-6.6.



Mýnd 7.1 Móguleg heildarmynd af miðbæ og tengingu hans við Hafnargötu

8 Deiliskipulagsáfangar

8.1 Miðbær

Unnið verði deiliskipulag fyrir miðbæ Grindavíkur með nýtt torg sem lýkirými sem markar skýra og aðlaðandi aðkomu í miðkjarna bæjarins.

8.2 Hafnargata og nánasta umhverfi

Unnið verði deiliskipulag fyrir Hafnargötu á milli Ægisgötu og Ránargötu sem taki einnig til opinna svæða norðan hennar og tenginga niður á hafnarsvæðið.



Mynd 8.1 Deiliskipulagsáfangar

Heimildaskrá

Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030. Tillaga.

Alta 2010: Miðbær Grindavíkur. Hugmyndasmiðja íbúa, 30. október 2010.

Drög að skólastefnu Grindavíkur: Fyrstu drög stefnunnar sem send eru til allra aðila skólasamfélagsins. Á: www.grindavik.is

Framtíðaruppbygging á íþróttasvæði Grindavíkur.
Skýrsla nefndar. Grindavík, ágúst 2009. Á: www.grindavik.is

Umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar. Október 2010. Á: www.grindavik.is

Upplýsingar um Grindavík á www.grindavik.is.

